

# Sálfræðingur

Laust er til umsóknar starf sálfræðings hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshingis. Um er að ræða 100% stöðu. Æskilegt er að viðkomandi gæti hafið störf 1. september n.k. eða eftir samkomulagi.

Hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshingis starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem vinnur í þverfaglegu samstarfi um málefni einstaklinga og hópa. Sjö sveitarfélög reka Skóla- og velferðarþjónustuna sem hefur starfsstöð í Hveragerði. Á svæðinu eru sjö leikskólar, sex grunnskólar og tveir leik- og grunnskólar.

## Starfssvið sálfræðings

- Ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Forvarnastarf með áherslu á snemmtæka íhlutun.
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum og unglingum, ráðgjöf og eftirfylgd mála.
- Fræðsla og ráðgjöf vegna mála einstaklinga eða hópa.
- Viðtöl við nemendur m.a. vegna tilfinninga- og hegðunarvanda.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Löggilding til starfa sem sálfræðingur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipulagshæfileikar og rík færni í samskiptum.
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi.

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í áframhaldandi þróun þjónustunnar og samstarfi við aðra sem koma að málefnum barna og ungmenna.

## Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst 2021.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Umsóknir sendist rafrænt á netfangið hrafnhildur@arneshing.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá og skal þar geta umsagnaraðila. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri Skóla- og velferðarþjónustu Árneshingis, hrafnhildur@arneshing.is.